



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 13. maí 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Vera Valgarðsdóttir skólastjóri og Guðjón Sigurðsson aðstoðarskólastjóri sátu fundinn undir 3. dagskrárlið.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2014 (seinni umræða)

a. Endurskoðunarbréf

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar, endurskoðanda sveitarfélagsins. Auk samantektar á helstu niðurstöðum ársreiknings er í bréfinu fjallað um reikningshaldslegt mat, notkun reikningsskilaaðferða og niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti. Í bréfinu koma ekki fram neinar athugasemdir sem sveitarstjórn þarf að bregðast við.

Endurskoðunarbréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við það.

Fyrir fundinum lá einnig bréf skoðunarmanna þar sem fram koma m.a. ábendingar um rekstur sveitarfélagsins.

b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2014(seinni umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 15. apríl 2015. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 526 m.kr. en voru 537 m.kr. árið 2013 og hafa lækkað um 2,1% milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um 18,8 m.kr. í samanburði við 66,3 m.kr. jákvæða afkomu árið 2013. Rekstrargjöld samstæðu námu 560 milljónum en voru 480,8 milljónir 2013.. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er 8,2 milljónum lakari en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir en áætluð rekstrarafkoma ársins var neikvæð um 10,5 milljónir.

Eigið fé samstæðu í árslok 2014 nam 1.190 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi,

Eiginfjárhlutfall samstæðu var 72,9% í lok árs 2014 en var 72,0% árið 2013.

Veltufjárhlutfall samstæðunnar nam 12,37 en var 8,65 í árslok 2013.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé frá rekstri samstæðunnar 32,4 m.kr. og handbært fé til rekstrar nam 2,2 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 439,9 m.kr. í árslok auk 158 m.kr. skammtímaverðbréfaeignar en handbært fé var 520,8 m. kr. í árslok 2013 og þá nam skammtímaverðbréfaeign 169,3 m.kr..

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.



2. Félags- og skólaþjónusta

a. Fundargerð stjórnar, 5. maí 2015

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar. Fundargerðin var til kynningar.

b. Ársreikningur 2014

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags- og skólaþjónustunnar sem samþykktur var á fundi stjórnar 5. maí 2015. Sveitarstjóri fór yfir helstu lykiltölur í reikningum. Ársreikningurinn var til kynningar.

3. Fræðslumál

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri mættu á fundinn og greindu frá stöðu mála í skólanum og hvernig standi undirbúningur undir skólustarf næsta vetrar, starfsmannamál og annar undirbúningur.

Mikil umræða varð um skólustarfið og veitt svör við spurningum sem það varðaði. Tílefni umræðunnar var að sveitarstjórn væri upplýst um stöðu mála í skólanum og ekki gerðar sérstakar ályktanir í tílefni hennar.

4. Umhverfismál

- Frágangur fasteigna.

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um umhirðu og frágang fasteigna í sveitarfélaginu þar sem m.a. kemur fram hver er staða úrbóta vegna athugasemda sem gerðar hafa verið en einnig taldar upp nokkrar eignir sem ástæða er til að skoða.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og ákvað að fylgja eftir þeim málum sem hafa verið sett í farveg en ekki verið lokið.

Rætt var um tillögu um umhverfismál á höfninni sem samþykkt var 12. september.

Sveitarstjóri upplýsti að þau mál sem þar komu fram séu í vinnslu.

Sveitarstjóra falið að óska eftir aðstoð heilbrigðisfulltrúa til að leggja mat á hvernig eigi að taka á ónýtum bílum á opnum svæðum.

- Vorhreinsun

Sveitarstjórn ákvað að fela sveitarstjóra að undirbúa sérstaka vorhreinsun sem fari fram í lok maímánaðar.

- Íbúafundur um umhverfismál

Fyrir fundinum lágu drög að uppsetningu fundar um umhverfismál sem stefnt er að halda fyrir lok maímánaðar. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi hugmyndir og fól sveitarstjóra að undirbúa fundinn í ljósi þeirrar umræðu.



5. Bréf:

- a. Verkefnisstjórnar um svæðisáætlun, 26. mars 2015

Svæðisáætlunin og bréfið voru send með tölvupósti til sveitarstjórnar 26. mars sl. Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að fela verkefnisstjórninni að auglýsa svæðisáætlunina og taka við athugasemdum á umsagnartímanum.

- b. Sónarnefndar Hólaneskirkju, 24. apríl 2015

Með bréfinu þakkar formaður sóknarnefndar fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar á erindi Höfðasóknar vegna kostnað við ofnakaup í Hólaneskirkju. Bréfið var til kynningar.

- c. Kvenfélagsins Einingar, 14. apríl 2015

Kvenfélagið óskar eftir aðstöðu í öðrum búningsklefanum í Fellsborg. Sveitarstjóra falið að leysa úr málinu í samstarfi við húsvörð félagsheimilisins.

6. Fundargerðir:

- a. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 12.03.2015

Fundargerðin var til kynningar

- b. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 29.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

- c. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 10.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

- a. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 13.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

7. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.40

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson